



HAFNARFJÖRÐUR

**FJÁRHAGSÁÆTLUN
2012**

Greinargerð
Sundurliðanir

JAFNVÆGI Í REKSTRI - AUKIN FRAMLEGÐ - NIÐURGREIÐSLA SKULDA

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
7. desember 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Megináherslur og samandregnar niðurstöður	5
2. Forsendur áætlunar 2012	5
3. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	8
3.1 A og B hluti	8
3.2 A hluti	9
3.3 Aðalsjóður	9
3.4 Félagsþjónusta	11
3.5 Heilbrigðismál	11
3.6 Fræðslu- og uppeldismál	12
3.7 Menningarmál	14
3.8 Æskulýðs- og íþróttamál	15
3.9 Brunamál og almannavarnir	16
3.10 Hreinlætismál	16
3.11 Skipulags- og byggingarmál	17
3.12 Umferðar- og samgöngumál	17
3.13 Umhverfismál	17
3.14 Atvinnumál	18
3.15 Sameiginlegur kostnaður	18
3.16 Eignasjóður	19
3.17 GN eignir	19
3.18 Vatnsveita	20
3.19 Fráveita	20
3.20 Húsnæðisskrifstofa	21
3.21 Hafnarfjarðarhöfn	21
Lokaorð	22

Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 er hér lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Frumvarpið samanstendur af tveimur hlutum: Greinargerð og tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A og B hluta og A hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða bæjarins.

Þessar upplýsingar eru einnig birtar á heimasíðu bæjarins, www.hafnarfjordur.is

Tilgangur greinargerðarinnar er að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni, starfsemi og þjónustu á áætlunartímabilinu. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist á milli texta í greinargerð og tölulegs hluta.

Þann 1. desember 2010 voru íbúar í Hafnarfirði 26.091, en eru í dag, miðvikudaginn 7. desember, 26.439.

Undirbúningur þessarar fjárhagsáætlunar hefur staðið yfir allt árið. Í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var gert ráð fyrir fjölbættum aðgerðum til hagræðingar og endurskipulagningar. Áhrifa sumra þeirra gætti þegar, en aðrar munu ekki skila fullri hagræðingu fyrr en á næsta fjárhagsári. Áætlanagerðin hefur þar að auki verið samofin vinnu við endurfjármögnun erlendra lána, sem hefur verið unnið að allt árið og er nú lokið. Vinna við fjárhagsáætlun hófst síðan í stofnunum bæjarins í september. Fjármálastjóri bæjarins hefur leitt þessa vinnu, auk sviðsstjóra og annarra starfsmanna bæjarins. Nýtt fjármálateymi hefur verið helsti vettvangur samhæfingar og hefur sýnt fram á mikilvægi sitt.

Í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar síðasta árs var gengið út frá því að nauðsynlegt væri að hagræða umtalsvert í rekstri bæjarins, til viðbótar við þær aðgerðir sem gripið hafði verið til allt frá efnahagshruninu. Fram að þeim tíma höfðu aðgerðir miðast við að lækka rekstrarkostnað án þess að það hefði áhrif á fjölda starfsfólks. Ljóst var, að ef takast ætti að ná fjárhagslegum markmiðum, þá yrði að grípa til aðgerða sem höfðu veruleg áhrif á starfsmannahópinn. Oddvitar bæjarstjórnarflokkanna leiddu þessu vinnu ásamt fjármálastjóra. Leitast var við að kalla eftir sjónarmiðum bæjarbúa og starfsfólks varðandi útfærslur þessarar hagræðingar. Boðað var til funda með starfsfólki skóla og foreldrum skólabarna og haldinn var almennur íbúafundur í Lækjarskóla. Ennfremur var opið fyrir ábendingar á vefnum. Fjárhagsáætlun ársins 2012 byggir að miklu leyti á þessari vinnu

Markmið fjárhagsáætlana undanfarinna ára hefur miðað að því að Hafnarfjarðarbær gæti staðið við félagslegar skuldbindingar gagnvart íbúunum og fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart lánardrottnum. Þetta hefur gengið eftir. Þótt gerðar hafi verið skipulagsbreytingar víða í rekstrinum, stofnanir sameinaðar og opnunartími styttnar, þá hafa útfærslur verið með þeim hætti að íbúar og þeir sem notfæra sér þjónustu bæjarfélagsins verða sem minnst varir við aðgerðirnar. Það hefur einnig gengið eftir.

Þess sér skýrt stað í þessari áætlun hve miklum árangri aðgerðir ársins 2011 hafa skilað. Áfram er gert ráð fyrir ströngu aðhaldi í rekstri, en gangi áætlanir eftir, verður ekki þörf fyrir aðgerðir af sama tagi og af sömu stærðargráðu og árið 2011. Það er ánægjulegt, því vissulega hafa þessar aðgerðir reynt á starfsfólk bæjarins.

Um síðustu áramót tóku sveitarfélögin við málefnum fatlaðs fólks. Flutningurinn hefur tekist afar vel og óhætt er að fullyrða að þeir sem nýta þjónustuna urðu lítt varir við flutninginn. Fjárhagsleg áhrif hafa jafnast út, því tekjur hafa komið á móti auknum útgjöldum bæjarins vegna yfirtökunnar. Með tíð og tíma mun þessi starfsemi verða samþætt annarri starfsemi bæjarins enn frekar, þannig að hægt verður að veita enn betri þjónustu án aukins tilkostnaðar.

Allt frá því fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar hefur verið unnið að yfirferð og greiningu á stjórnsýslu Hafnarfjarðarbæjar. Sú vinna leiddi til nokkurra breytinga á stjórnsýslunni, sem voru innleiddar á árinu 2011. Þær fela m.a. í sér að menningar- og ferðamál eru flutt frá fjölskylduþjónustu á stjórnsýslu og umhverfismál eru flutt á framkvæmdasvið, sem nú heitir umhverfi og framkvæmdir.

Sett voru á fót fjögur föst teymi, fjármálateymi, lögfræðiteymi, mannauðsteymi og samfélagsteymi. Teymin hafa skýrt afmarkaðar áherslur til að tryggja samhæfingu, samráð og að skilvirkir ferlar séu til staðar innan stjórnsýslunnar.

Auk þessara breytinga, hafa verið gerðar miklar breytingar á staðsetningu stofnana, m.a. til hagræðingar. Skipulags- og byggingarmál flutti af Strandgötu 6 að Norðurhelli. Gera má ráð fyrir talsverðri samlegð í starfsemi þessara málaflokka í kjölfarið. Jafnframt flytja fræðsluþjónusta og fjölskylduþjónusta í húsnæði við Strandgötu 6-8 og Linnetsstíg, en Hafnarfjarðarbær hefur tekið á leigu aukið húsrými af Byr. Á móti losnar um húsnæði bæjarins að Strandgötu 31 og 33, en þær húseignir hafa verið auglýstar til sölu eða leigu. Til lengri tíma litið munu þessar aðgerðir hafa í för með sér umtalsverðan fjárhagslegan ávinning, auk þess sem það er ótvírætt hagræði af því fyrir bæjarbúa að geta sótt næstum alla miðlæga þjónustu á tvo staði í bænum, í stað fjögurra.

Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar á miklar þakkir skildar fyrir óeigingjarna vinnu við að leita leiða til að draga úr kostnaði í starfseminni á undanförnum misserum, við mikla óvissu og erfiðar aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu.

Grunnstefið í fjárhagsáætlun ársins 2012 er að tryggja þann árangur sem náðst hefur í rekstri bæjarsins og endurskipulagningu skulda bæjarsjóðs, sem stökkbreyttust við efnahagshrunið. Höfuðáherslan í þjónustu við bæjarbúa er á grunnþjónustu og velferð.

Ýmis teikn í samfélaginu benda til þess að það sé að rofa til í efnahagslífinu. Spáð er hóflegum hagvexti, atvinnuleysi virðist vera að dragast saman og lítilsháttar hreyfing virðist vera í fjárfestingum. Með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í rekstrinum og endurfjármögnun skulda mun nást allveruleg viðspyrna á næsta ári og til lengri tíma er bjart framundan í Hafnarfirði, þótt móti hafi blásið undanfarin misseri.

Hafnfirskt mannlíf er auðugt og fjölbreytt, við eigum dýrmætar auðlindir á landi og í jörðu – að ógleymdum þeim mannauði sem býr í starfsfólkinu og íbúum Hafnarfjarðar.

1. Megináherslur og samandregnar niðurstöður

Ákveðnu jafnvægi hefur verið náð í rekstri Hafnarfjarðar eftir þriggja ára tímabil niðurskurðar og stórum áfanga hefur verið náð hvað varðar endurfjármögnun erlendra lána. Megináhersla í fjármálum bæjarins á komandi árum er að bæta enn frekari framlegð sveitarfélagsins og lækka skuldir þess eins fljótt og kostur er.

Helstu niðurstöðutölur eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir árið 2012 er jákvæð um 156,7 millj.kr. og rekstrarniðurstaða A hlutans 41,9 millj.kr. Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 44,8 milljarðar kr. í árslok 2012 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 37 milljarðar kr. og eigið fé er 7,5 milljarðar kr. Verðmæti lóða að fjárhæð 11 milljarða kr. er ekki í bókum bæjarins en verðmæti þeirra vega á móti langtímalánum bæjarins og lækka þar með áhættuna sem felst í skuldsetningunni.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,4 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 1,9 milljarðar kr. sem er rúmlega 12% af heildartekjum.
- Á undanförunum árum hefur verið dregið úr framkvæmdum og fjárfestingum en í áætlun ársins 2012 er gert ráð fyrir 190 millj.kr. til þessa. Ekki er gert ráð fyrir neinni lóðarsölu í áætlun fyrir árið 2012.
- Á árinu 2012 er ráðgert að greiða niður lán að fjárhæð 1,4 millj.kr.

2. Forsendur áætlunar 2012

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2012 er sett fram í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, fyrir A hluta og samantekinn reikning fyrir A og B hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og GN eignum ehf. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem fjármögnuð er með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A hluta er milliviðskiptum, svo sem vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru; Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar, fasteignaskatt og lóðarleigu.

Útsvar

Útsvarhlutfall á árinu 2012 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 10,6 milljörðum kr. en af þeirri fjárhæð munu 1,3 milljarðar kr. ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða um 1,72% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar um 9,3 milljarðar kr.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2011. Tekið er tillit til lækkunar á útgreiðslu séreignarsparnaðar, almennra launabreytinga og gert er ráð fyrir 1% íbúaaukningu. Ekki er gert ráð fyrir að framlenging á heimild til útgreiðslu viðbótalfeyrissparnaðar hækki útsvarsstofn sveitarfélagsins en tekið er tillit til breytinga á frádráttarbærni iðgjalds frá skattstofni sem hækkar útsvarsstofninn. Útsvarstekjur ársins 2011 eru töluvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir og hafa hækkað um ríflega 14% á milli ára eða um 940 millj.kr.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda sem innheimtur er á árinu 2012 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2011. Endurmat ársins leiddi til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar hækkar á milli ára samanber meðfylgjandi töflu.

Fasteignamat	Fasteignamat 2012	Fasteignamat 2011	%	Fasteignamat 2010
Íbúðareignir	240.808.150	221.757.555	108,6%	247.560.700
Atvinnueignir	67.837.467	67.724.336	100,2%	68.871.847
Stofnanir og samkomustaðir	18.367.032	17.494.995	105,0%	23.142.308
Samtals	327.012.649	306.976.886	106,8%	339.574.855

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er hækkað úr 0,28% í 0,32% og álagningarhlutfall holræsagjalds er hækkað úr 0,16% í 0,18%. Sorphirðugjald er hækkað í 19.300 kr. til að standa undir kostnaði við þjónustuna. Breytingin á álagningarhlutfalli er þessi:

	Álagning 2012	Álagning 2011
Fasteignagjöld íbúðarhúsnæði	0,32%	0,28%
Fasteignagjöld atvinnuhúsnæði	1,65%	1,65%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði	0,42%	0,42%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði	1,30%	1,30%
Holræsagjald	0,185%	0,16%
Vatnsgjald	0,112%	0,112%
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald	19.300	17.000

Aðrar tekjur

Gert er ráð fyrir hóflegum hækkunum og breytingum á gjaldskrá sveitarfélagsins en hún er birt sem fylgiskjal með fjárhagsáætlun ársins 2012. Í flestum tilfellum mun hækkunin aðeins fylgja verðlagsbreytingum og hækkun aðfanga og launa. Gert er ráð fyrir gjaldskrárbreytingum í ársbyrjun 2012 og svo aftur á nýju skólaári. Á komandi misserum verður dregið markvisst úr niðurgreiðslu máltíða en stefnt er að því að þjónustutekjur standi undir hráefniskostnaði.

Laun og launatengd gjöld

Nýgerðir kjarasamningar þýða verulegan kostnaðarauka fyrir Hafnarfjarðarbæ og byggir launaáætlun ársins á þeim samningum. Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Frá árinu 2009 hefur tryggingagjaldið verið hækkað úr 5,34% upp í 8,65% á árinu 2011 eða um rúmlega 53% en á næsta ári lækkar tryggingagjaldið niður í 7,79%. Lækkun gjaldsins þýðir 60 millj. kr. kostnaðarlækkun fyrir bæinn. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í samvinnu við fjármálaskrifstofu og launadeild. Lögð verður meiri áhersla á eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði og fjölda stöðugilda en með breyttu verklagi og nýju viðverukerfi verður slík vinna markvissari. Breyting á lífeyrisskuldbindingu er áætluð um 350 m.kr. á árinu 2012.

Á árinu 2011 var farið í sársaukafullar hagræðingaaðgerðir sem kölluðu á uppsagnir fjölda starfsmanna en ekki er gert ráð fyrir svipuðum aðgerðum á árinu 2012. Þó verður áfram skoðaðir möguleikar á að lækka launakostnað með skipulagsbreytingum og endurskoðun starfseininga. Áfram þurfa stjórnendur sveitarfélagsins að beita ströngu aðhaldi í rekstri.

Annar kostnaður

Samkvæmt fjárhagsáætlun er almennur rekstrarkostnaður nánast óbreyttur í öllum málaflokkum og stofnunum bæjarins. Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið náð árangri í hagræðingu í öðrum kostnaði en áfram verður unnið að leiðum til að lækka kostnað enn frekar s.s. með útboðum, hertum innkaupareglum og sameiginlegum innkaupum. Verðlagsbundnir samningar, svo sem leigusamningar, hafa verið uppreiknaðar miðað við verðlagsforsendur. Fjárframlög til viðhalds eigna hafa verið og verða í algjöru lágmarki. Ljóst er að á komandi árum verður að veita meiru fé í slíkar framkvæmdir.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2011 og tekið tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð og vaxtareiknuð miðað við verðbólguforsendur áætlunar sem er 3,7% innan ársins. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir gengismun í áætluninni. Seðlabanki Íslands reiknar með að gengi krónunnar haldist tiltölulega stöðugt á árinu 2012 og staða krónunnar verði áfram veik. Gengi krónunnar hefur heldur styrkst gagnvart evru frá því í sumar en aftur á móti veikst gagnvart bandaríkjadal. Ýmsar blikur eru á lofti innan Evrópusambandsins um hvað varðar stöðu evrunnar og því erfitt að segja til um hvernig þau mál þróast en í þjóðhagssþá er ekki reiknað með mikilli styrkingu krónunnar á næstu misserum. Öll lán eru vaxtareiknuð miðað við gildandi og væntanleg vaxtakjör.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Það liggur fyrir að Hafnarfjarðarbær mun kaupa fimm fasteignir vegna yfirtöku málefna fólks með fötlun af Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs. Kaupverð eignanna eru um 190 millj.kr. en eignirnar verða fjármagnaðar með verðtryggðu láni til 25 ára á 2% vöxtum. Þar sem endanlegt verð og samningar lágu ekki fyrir við gerð fjárhagsáætlunar er ekki tekið tillit til þessa í áætlun 2012. Stefnt er að uppfæra áætlunina á milli umræðna með tilliti til þessa.

Við yfirtöku á málefnum fólks með fötlun greiðir Hafnarfjarðarbær leigu af sex eignum til Brynju hússjóðs og er sú leiga áætluð á árinu 2012. Bærinn er ekki aðili að gildandi leigusamningum en unnið er að frágangi leigusamninga með tilliti til þarfa bæjarins en hafa verður í huga að langtímaleigusamningar eru færðir til skulda.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi hvað varðar húsnæðis- og rekstrarkostnað í stjórnsýslu. Ljóst er að breytingar verða á árinu 2012 þannig að reikna má með tilfærslum á kostnaðarliðum á milli málaflokka og deilda sem verða kynnt bæjarstjórn þegar þar að kemur.

Unnið er að endurskoðun á þátttöku stofnana í rekstri íþróttamannvirka en niðurstaða liggur ekki fyrir. Nettóáhrifin af þessum breytingum eru engin á heildarniðurstöðu þar sem um er ræða millifærslur á milli stofnana. Áhrifin eru að tekjur íþróttamannvirkja hækka og kostnaður við grunnskóla og styrkir til ÍBH hækka samsvarandi.

3. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

3.1 A og B hluti

Áætlað er að heildartekjur fyrir A og B hluta verði á árinu 2012 um 16 milljarðar kr. og rekstrargjöld 13 milljarðar kr. jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 3 milljarðar kr. en fjármagnsliðir eru áætlaðir 2 milljarðar kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2011 verður jákvæð um 157 millj.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 44,8 milljarðar kr. í árslok 2012. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 37 milljarðar kr. og eigið fé 7,5 milljarðar kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri; til fjárfestinga og til að greiða skuldir.

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 1,9 milljarðar kr. sem er um 12% af heildartekjum.

Áætluðum fjárfestingum 2012 verður haldið í lágmarki, áætlaðar fjárfestingar fyrir samstæðuna eru um 190 millj.kr. á árinu 2012. Ekki er gert ráð fyrir neinni lóðasölu í áætlun fyrir árið 2012 og ekki er gert er ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2012 en afborganir ársins nema tæplega 1,4 milljörðum kr.

A og B hluti	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009	Fjárhæðir í m.kr. Ársreikningur 2008
Rekstrarreikningur					
Tekjur	15.971	14.807	13.623	14.161	13.929
Gjöld	(13.797)	(13.471)	(13.014)	(13.188)	(14.927)
Fjármagnsliðir	(2.017)	(2.130)	(144)	(2.654)	(4.671)
Rekstrarniðurstaða	157	(794)	466	(1.681)	(5.670)
Efnahagsreikningur					
Eignir	44.796	-	46.810	48.585	37.924
Eigið fé	7.471	-	8.980	6.922	1.094
Skuldir	37.326	-	37.830	41.663	36.830
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri	1.935	1.639	901	686	277
Fjárfestingar	(190)	(229)	2.464	(42)	(5.382)

3.2 A hluti

Í áætlun 2012 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A hlutans sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um 2,1 milljarða kr.

Á árinu 2012 eru áætlaðar rekstrartekjur A hluta tæpir 14,6 milljarðar kr. og rekstrargjöld áætluð tæplega 12,5 milljarðar kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,5 milljarðar kr.

Heildareignir A hluta í árslok 2012 eru áætlaðar um 34,3 milljarðar kr., skuldir rúmlega 29,8 milljarðar kr. og eigið fé um 4,5 milljarðar kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er um 1,4 milljarðar kr.

A hluti	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009	Fjárhæðir í m.kr. Ársreikningur 2008
Rekstrarreikningur					
Tekjur	14.592	13.564	15.869	12.908	12.671
Gjöld	(13.094)	(12.793)	(15.827)	(12.499)	(14.140)
Fjármagnsliðir	(1.456)	(1.541)	172	(1.922)	(2.116)
Rekstrarniðurstaða	42	(770)	214	(1.513)	(3.585)
Efnahagsreikningur					
Eignir	34.342	-	35.895	37.318	29.270
Eigið fé	4.519	-	5.875	4.068	(88)
Skuldir	29.824	-	30.020	33.250	29.358
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri	1.392	1.081	1.243	25	(398)
Fjárfestingar	(190)	-	2.584	(56)	(3.919)


3.3 Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er í meginatriðum fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Eins og fram kemur í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir rekstrarhalla sem nemur 161 millj.kr. en í áætlun 2012 er gert ráð fyrir tæplega 521 millj.kr. rekstrarafgangi.

Á síðustu misserum hefur mikið kapp verið lagt á að lækka rekstrarkostnað sveitarfélagsins. Þeirri vinnu er ekki lokið en má segja að ákveðnu jafnvægi hefur verið náð. Í fjárhagsáætlun 2012 hefur verið valin varfærin leið aðhalds og hóflegra hækkana á þjónustugjöldum. Helstu breytingar í rekstri aðalsjóðs má sjá í eftirfarandi töflu en þar koma fram helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára, frá fjárhagsáætlun 2011.

Aðalsjóður	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009	Fjárhæðir í m.kr.
Rekstrarreikningur					
Tekjur	15.006	13.837	13.294	13.071	
Gjöld:	(14.562)	(14.049)	(13.119)	(13.996)	
Fjármagnsliðir	78	50	(402)	939	
Rekstrarniðurstaða	521	(162)	(226)	14	

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs					Fjárhæðir í m.kr.
	Áætlun 2012	Hlutfall af skatttekjum	Esk áætlun 2011	Mismunur	Ársreikningur 2010
Skatttekjur	13.231		12.223	1.009	11.158
Félagsþjónusta	(1.960)	14,82%	(1.801)	(159)	(1.151)
Heilbrigðismál	(64)	0,49%	(61)	(3)	(61)
Fræðslu og uppeldismál	(7.271)	54,96%	(7.067)	(204)	(7.092)
Menningarmál	(289)	2,18%	(284)	(5)	(309)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.453)	10,99%	(1.405)	(49)	(1.453)
Brunamál og almannavarnir	(153)	1,15%	(145)	(8)	(144)
Hreinlætismál	(13)	0,10%	(23)	10	(14)
Skipulags og byggingarmál	(93)	0,70%	(98)	5	(104)
Umferðar- og samgöngumál	(443)	3,34%	(424)	(19)	(372)
Umhverfismál	(31)	0,24%	(31)	0	(37)
Atvinnumál	(23)	0,18%	(31)	7	(19)
Sameiginlegur kostnaður	(986)	7,45%	(1.064)	79	(1.030)
Fjármagnsliðir	70	-0,53%	50	20	402



3.4 Félagsþjónusta

Fjárheimildir til fjölskylduþjónustunnar hækka um 9% á milli ára eða um 159,5 millj.kr. Þar vegur þyngst hækkun launakostnaðar vegna þjónustu við fatlað fólk og hækkun á þjónustusamningum. Á móti hækkar framlag úr Jöfnunarsjóði vegna málaflokksins en framlög úr Jöfnunarsjóði eru færð með skatttekjum. Gert er ráð fyrir að sérstakar húsaleigubætur hækki um 21% eða 13,6 millj.kr. og kostnaður vegna úrræða í barnaverndarmálum hækki um 7 millj.kr.

Félagsþjónusta	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
þjónustugjöld	303	251	306
Samtals tekjur	303	251	306
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	992	922	411
Annar rekstrarkostnaður	1.271	1.129	1.046
Samtals gjöld	2.263	2.052	1.457
Rekstrarniðurstaða	(1.960)	(1.801)	(1.151)

Fjölskyldusvið	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Sameiginlegir liðir	8,80	12
Félagshjálp	5,05	6
þjónusta við börn og unglinga	8,75	10
þjónusta við aldraða	29,78	42
þjónusta við fólk með fötlun	85,85	140
	138,23	210,00

3.5 Heilbrigðismál

Fjárheimildir til heilbrigðismála hækka vegna breytinga á innri leigu á Sólvangi. Ekki hefur náðst að ljúka fjármálalegu uppgjöri við ríkið varðandi Sólvang.

3.6 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimildir til Fræðsluþjónustunnar hækka um 204 millj.kr á milli ára eða um 2,9%. Þar vegur þyngst launakostnaðurinn vegna nýgerða kjarsamninga en ekki er gert ráð fyrir frekari hagræðingu í leik og grunnskólum á árinu 2012. Í áætluninni er tekið tillit til aukins fjölda barna á leikskólaaldri og gert ráð fyrir fimm nýjum leikskóladeildum frá og með næsta hausti en áætlaður kostnaður nemur 78,9 millj.kr. Þá er reiknað með fjárframlagi sem nemur 25 millj.kr vegna fjölgunar bekkjardeilda í grunnskólum frá og með næsta skólaári. Almenn niðurgreiðsla til dagforeldrar er hækkuð um 10% en reiknað er með að foreldrar barna eldri en 2ja ára greiði gjald til dagforeldra sem næst leikskólagjaldi.

Fræðsluvið	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
þjónustugjöld	693	708	865
Samtals tekjur	693	708	865
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4.882	4.772	4.733
Annar rekstrarkostnaður	3.083	3.003	3.224
Samtals gjöld	7.965	7.775	7.957
Rekstrarniðurstaða	(7.271)	(7.067)	(7.092)

2012 -Leikskólar	Skipting fjármagns	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi nemenda	Fjöldi dvalarstunda
Arnarberg	104.472	23,08	26	94	748,3
Álfaberg	58.578	12,47	14	42	339
Norðurberg	134.509	30,12	31	117	959
Víðivellir	183.782	38,51	34	127	1.028
Hlíðarendi	97.719	22,39	25	90	733,3
Hlíðarberg	112.976	25,09	29	106	867
Vesturkot	97.646	22,53	24	84	685,3
Smáralundur	112.686	25,41	30	96	765,8
Hvammur	136.212	30,55	35	124	1025,8
Stekkjars	196.058	45,26	48	176	1.446
Hraunvallaleikskóli	152.485	43,99	37	171	1.373,8
Hörðuvellir	127.717	22,27	27	85	696,8
Tjarnarás	127.478	23,92	28	93	738,3
Álfasteinn	97.551	20,47	24	81	657
Hjalli**	173.354			176	1371
Bjarmi**	48.147			24	198
Hamravellir**	134.934			119	962
Börn í leikskólum utan Hafnarfjarðar				22	

**Leikskólar með þjónustusamning

Grunnskólar	Fjöldi stöðugilda annarra en kennara	Úthl. kennslustundir	Fjöldi nemenda
Hvaleyrarskóli	6,7	912	427
Öldutúnsskóli	7,8	1.188	533
Víðistaðaskóli og Víðistaðaskóli í Engidal	10	1.409	662
Setbergsskóli	6,7	900	403
Hraunvallaskóli	8,5	1.403	642
Áslandsskóli	7,5	1.030	537
Lækjarskóli	6,6	1.432	418
Barnaskóli Hjallastefnunar****			95

Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Skólaskrifstofa	8	7,8
PMT foreldrafærni	2,3	3
Sérfræðiþjónusta	8	9
Menntasetrið	2	2
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)		

3.7 Menningarmál

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri í þessum málaflokki.

Menningarmál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	24	23	30
Samtals tekjur	24	23	30
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	133	130	137
Annar rekstrarkostnaður	179	177	202
Samtals gjöld	312	307	339
Rekstrarniðurstaða	(289)	(284)	(309)

	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Skrifstofa menningar og ferðamála	1,0	1,0
Bæjarbókasafn	14,9	20,0
Byggðasafn	1,80	2,0
Skrifstofa Hafnarborgar	4,2	6,0
	21,9	29,0

3.8 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimildir til íþróttá- og æskulýðsmála hækka um 3,5 % eða 48,8 millj.kr. frá endurskoðaðri áætlun. Þar vegur þyngst flutningur heilsdagsskólans frá Fræðsluþjónustu yfir á Fjölskylduþjónustu. Í áætluninni er gert ráð fyrir að tekjur vegna heilsdagsskóla standi undir rekstrarkostnaði frá og með haustönn 2012.

Æskulýðs og íþróttamál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
þjónustugjöld	460	367	586
Samtals tekjur	460	367	586
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	657	606	689
Annar rekstrarkostnaður	1.256	1.166	1.350
Samtals gjöld	1.913	1.772	2.039
Rekstrarniðurstaða	(1.453)	(1.405)	(1.453)

	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Skrifstofa æskulýðsmála	4,80	5
Skrifstofa íþróttafulltrúa	1,80	2
Gamla bókasafnið	3,45	5
Félagsmiðstöðvar og heildagsskóli	53,63	113
Íþróttahús	8,20	9
Sundlaugar	33,32	49
	105,20	183

3.9 Brunamál og almannavarnir

Á málaflökkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., innri leiga á húsnæði sem Björgunar-sveit Hafnarfjarðar hefur til afnota og þjónustusamningur við sama félag.

Brunamál og almannavarnir	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	153	145	144
Samtals gjöld	153	145	144
Rekstrarniðurstaða	(153)	(145)	(144)

3.10 Hreinlætismál

Fjárheimildir til hreinlætismála hækka í takt við verðlagshækkunar og vegna framlags til Sorpu bs. Ákveðið hefur verið að þjónusta við sorphirðu og eyðingu standi undir sér og því hækkar sorphirðu og eyðingargjald upp í 19.300 krónur. Fullt gjald er nú innheimt fyrir viðbótartunnu.

Hreinlætismál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	200	180	162
Samtals tekjur	200	180	162
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	213	203	176
Samtals gjöld	213	203	176
Rekstrarniðurstaða	(13)	(23)	(14)

3.11 Skipulags- og byggingarmál

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri í þessum málaflokki

Skipulags- og byggingarmál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	28	27	63
Samtals tekjur	28	27	63
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	85	89	63
Annar rekstrarkostnaður	36	36	104
Samtals gjöld	121	125	167
Rekstrarniðurstaða	(93)	(98)	(104)

	Stöðugildi	Starfsmenn
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	10,48	11

3.12 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 19 millj.kr sem nemur hækkun á framlagi til Strætó bs.

Umferðar- og samgöngumál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	1	0
Samtals tekjur	0	1	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	443	425	372
Samtals gjöld	443	425	372
Rekstrarniðurstaða	(443)	(424)	(372)

3.13 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri í þessum málaflokki

Umhverfismál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	31	31	37
Samtals gjöld	31	31	37
Rekstrarniðurstaða	(31)	(31)	(37)

3.14 Atvinnumál

Áætlun fyrir atvinnumál lækka um 8 millj.kr. á milli ára og munar þar helst um lækkun á aukaframlagi ársins 2011.

Atvinnumál	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	5	5	13
Samtals tekjur	5	5	13
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	12	12	19
Annar rekstrarkostnaður	16	24	13
Samtals gjöld	28	36	32
Rekstrarniðurstaða	(23)	(31)	(19)

3.15 Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður lækkar nettó um 78 millj.kr. á milli ára. Á árinu 2012 verða forsetakosningar og gert er ráð fyrir 10 millj.kr. tekjum og gjöldum vegna þeirra. Lífeyrisskuldbinding ársins er lækkuð úr 450 millj.kr. í 350 millj.kr. og er lagt fyrir vegna langtímaveikinda starfsmanna um 40 millj.kr. Annar kostnaður hækkar um 21 millj.kr. á milli ára sem skýrist af kostnaði við endurnýjun tölvubúnaðar.

Aðalskrifstofa og stjórnsýslu- og fjármálasvið	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	63	53	111
Samtals tekjur	63	53	111
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	724	814	815
Annar rekstrarkostnaður	324	303	326
Samtals gjöld	1.048	1.117	1.141
Rekstrarniðurstaða	(986)	(1.064)	(1.030)

	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Ráðhús		
Bæjarskrifstofa	21,8	22
Fjárreiðudeild	3,7	4
Tölvudeild	5	5
Þjónustuver	5,15	6

3.16 Eignasjóður

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2012 hækka tekjur eignarsjóðs um um 122 millj.kr. vegna hækkunar á innri leigu og aukinni þátttöku B- hluta í sameiginlegum kostnaði. Laun og launatengd gjöld lækka um 21 millj.kr. vegna hagræðingaaðgerða á árinu 2011 og flutningi tveggja starfsmanna yfir á fráveitu vegna meiri umsvifa þar. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 89 millj.kr. en eftirfarandi kostnaðarliðir hækka; snjómokstur, viðhald gatna, innri leiga gatna, orkukostnaður, rekstur og viðhald tækja. Afskriftir hækka um 30 millj.kr. sem er í samræmi við rauntölur ársins 2011.

Eignasjóður	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	2.391	2.269	2.283
Samtals tekjur	2.391	2.269	2.283
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	301	322	342
Annar rekstrarkostnaður	706	617	846
Afskriftir	590	560	589
Fjármagnsliðir	1.210	1.230	(34)
Samtals gjöld	2.807	2.729	1.742
Rekstrarniðurstaða	(416)	(460)	541

	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Framkvæmdamál	17	17
Þjónustumiðstöð	16,83	17

3.17 GN eignir

GN eignir ehf er félag um eignir sem keyptar voru af þrotabúi Nýsis á árinu 2009. Í áætlun 2012 er gert ráð fyrir að innri leiga hækki til að standa undir afborgunum og vöxtum ársins.

GN eignir	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	340	301	292
Samtals tekjur	340	301	292
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	42	42	45
Afskriftir	38	38	38
Fjármagnsliðir	323	369	310
Samtals gjöld	404	449	393
Rekstrarniðurstaða	(63)	(148)	(101)

3.18 Vatnsveita

Áætlun fyrir rekstrarárið 2012 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur hækki um 15 millj.kr. á milli ára og rekstargjöld um sambærilega fjárhæð. Að öðru leyti er gert ráð fyrir sambærilegum rekstri og á árinu 2011.

Vatnsveita	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	366	351	354
Samtals tekjur	366	351	354
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	34	35	40
Annar rekstrarkostnaður	78	62	50
Afskriftir	46	46	45
Fjármagnsliðir	86	69	64
Samtals gjöld	245	212	199
Rekstrarniðurstaða	121	139	155

	Stöðugildi	Starfsmenn
Vatnsveita	3,92	4

3.19 Fráveita

Holræsagjald er hækkað þar sem þjónustugjöldin hafa ekki staðið undir rekstrar- og fjármagnskostnaði en eigið fé veitunnar er neikvætt. Umsvif og rekstur fráveitunnar hefur aukist ár frá ári en áætlað er að rekstarkostnaður hækki um 27 millj.kr. á milli ára.

Fráveita	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	556	450	440
Samtals tekjur	556	450	440
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	29	15	15
Annar rekstrarkostnaður	114	101	76
Afskriftir	96	101	101
Fjármagnsliðir	276	305	229
Samtals gjöld	515	522	420
Rekstrarniðurstaða	40	(71)	20

	Stöðugildi	Starfsmenn
Fráveita	4	4

3.20 Húsnæðisskrifstofa

Í áætlun 2012 er ekki gert ráð fyrir hækkun á leigutekjum þrátt fyrir að húsaleigan er bundin vísitölu. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 8 millj.kr þar sem gert er ráð fyrir auknu viðhaldi.

Húsnæðisskrifstofa	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	226	226	199
Samtals tekjur	226	226	199
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	127	119	146
Afskriftir	41	41	41
Fjármagnsliðir	130	153	99
Samtals gjöld	299	313	286
Rekstrarniðurstaða	(73)	(87)	(87)

3.21 Hafnarfjarðarhöfn

Í fjárhagsáætlun 2012 er gert ráð fyrir að tekjurhafnarinnar hækki um 8 - 9 % milli ára og verði 381 millj.kr og að rekstrargjöld hækki um 4 % milli ára og verði 219 millj.kr. Rekstrarframlegð eykst um 16% á milli ára og er áætluð 162 millj.kr.

Hafnarfjarðarhöfn	Áætlun 2012	Esk áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Tekjur:			
Þjónustugjöld	377	339	357
Samtals tekjur	377	339	357
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	126	127	120
Annar rekstrarkostnaður	97	90	90
Afskriftir	60	65	0
Fjármagnsliðir	69	62	(17)
Samtals gjöld	351	343	193
Rekstrarniðurstaða	25	(5)	164

	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Hafnarfjarðarhöfn	12	12

Lokaorð

JAFNVÆGI Í REKSTRI - AUKIN FRAMLEGÐ - NIÐURGREIÐSLA SKULDA

Yfirskrift fjárhagsáætlunar fyrir árið sem er að líða, var „Staðið við félagslegar og fjárhagslegar skuldbindingar“. Eftir þessu grunnstefi hefur verið unnið og það er leiðarljós meirihlutasamstarfs Samfylkingar og Vinstri grænna í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Rekstur sveitarfélaga hefur verið þungur frá efnahagshruninu haustið 2008, en mikill árangur hefur náðst í hagræðingu á þeim rúmu þremur árum sem liðin eru. Fjárhagsáætlun ársins 2012 gefur til kynna að jafnvægi sé náð og Hafnarfjörður sé vel búinn undir nýtt skeið framfara og sóknar.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa eflt með sér samstarf og samráð á þessu tímabili og þar eru enn vannýtt færi til hagræðingar og samlegðar sem könnuð verða nánar á næstu mánuðum og misserum.

Á árinu 2011 var gripið til fjölþættra aðgerða til að draga úr kostnaði í rekstri. Þær fólust meðal annars í sameiningu stofnana, breyttu starfsfyrirkomulag, styttri opnunartíma og uppsögnum starfsfólks. Sérstök ástæða er til að þakka starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar fyrir þeirra hlut í þeim árangri sem náðst hefur.


Ekki er gert ráð fyrir því að grípa þurfi til sambærilegra aðgerða á komandi ári.

Stærsta einstaka viðfangsefni stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2011 var endurfjármögnun erlendra lána upp á um 13 milljarða króna. Þetta hefur tekið langan tíma og kostað mikla vinnu, ekki síst vegna erfiðra aðstæðna á lánamörkuðum. Erlendir lánamarkaðir hafa að mestu verið lokaðir innlendum aðilum í kjölfar hrunsins og aðstæður á innlendum mörkuðum verið þröngar.

Sá endurfjármögnunarsamningur sem gengið er frá við DEPFA/FMS í desember 2011, veldur straumhvörfum í rekstri og stöðu Hafnarfjarðarbæjar. Saman leggja fjárhagsáætlun ársins 2012 og samningur um endurfjármögnun grunn að því jafnvægi sem nú er náð í rekstri bæjarins. Með því jafnvægi sem hefur náðst, niðurgreiðslu skulda og stórauðinni framlegð, skapast viðspyrna sem leggur grunn að traustri framtíð bæjarins. Áfram er þó nauðsynlegt að gæta fyllsta aðhalds í rekstri, til að styrkja enn frekar þennan árangur.

Með þetta í farteskinu, auðlindirnar sem Hafnarfjarðarbær býr yfir – að ógleymdu starfsfólki og íbúunum sjálfum – er óhætt að horfa bjartsýn til framtíðar. Það er bjart framundan í Hafnarfirði, þótt stormurinn hafi verið í fangið um stund.

Hafnarfirði, 7. desember 2011



Guðmundur Rúnar Árnason

bæjarstjóri